

einnig að sýkna hann af kröfum stefndu um gjald þetta.

Eftir þessu verður að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum hinna stefndu, en eftir ástæðum virðist rétt, að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Flutningur málsins fyrir yfirdómi af hálfu gjaf-sóknarhafa hefir verið lögmætur, og ber skipuðum málflytningum hans 25 kr. í málflytningu-laun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Eiríkur Filippusson á að vera sýkn af kröfum stefndu Vilhjálms Benediktssonar og Hjálmars Ólafssonar f. h. eigenda Ness í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningum, greiðist úr landssjóði 25 kr. í málflytningu-laun.

Mánudaginn, 13. ágúst 1917.

Nr. 4/1917.

Réttvísing

gegn

Kjartani Sveinssyni.

## D ó m u r :

Með aukaréttardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 14. febr. f. á., var hinn ákærði Kjartan Sveinsson á Blönduósi dæmdur fyrir stuld á peningum samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 með hliðsjón af 40. og 58. gr. sömu laga til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar á meðal málsvarnarlaun til verjanda sins í hjerði, Bjarna prófests Pálssonar 10 kr. Dómi þessum hefir verið skotið til landsyfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Það er í málinu með eigin játningu ákærða og öðrum fengnum skýrslum löglega sannað, að ákærði hafi síðla dags eða um kvöldið 10. nóvember 1914, er hann var mikið drukkinn, farið í koffort annars manns, Magnúsar nokkurs Jóhannssonar, er geymt var á bræðslubúðarlofti á Blönduósi, og tekið úr því peningabuddu með nálægt 92 kr. af peningum í, seðlum og silfri, er var eign nefnds Magnúsar. Budduna með nálægt 12 kr. í fal hann í múrhorni á skúr þar í kaupúninu, og seðlana, 80 kr., faldi hann þar nálægt; fundust peningar þessir er þeirra var leitað eftir skýrslu ákærða, og fekk eigandinn þá aftur, og sömuleiðis peningabudduna. Bræðslubúðarloftið var ólæst, og virðist ákærði hafa haft bústað sinn þar, því að í kæru til dómarsins segir, að hann hafi »fast aðsetur þar«. Það hefir eigi orðið upplýst til hlítar, hvort koffortið var læst, er ákærði fór í það. Eigandinn segir, að það hafi átt að vera læst og hann sjálfur haft lykilinn, en eigi hafi það verið

brotið upp, er þjófnaðurinn var framinn. Ákærði segist hafa borið lykil, sem hann hafði á sér og gekk að öðru kofforti, að koffortinu, en það muni hann eigi, hvort lykillinn hafi gengið inn í skráargatið, en koffortið hafi opnast, er hann tók í lokið á því.

Það er sannað, að ákærði er drykkfeldur mjög, og það svo, að hann drekkur frá sér vit og rænu. Hann hefir nú borið það, að hann hafi verið dauðadrukkinn og sem rænulaus kvöld þetta, er hann framdi þjófnaðinn. Um þetta hefir þó eigi verið hægt að fá vitnisburð annara, og með tilliti til þess, að ákærði rataði á peningana í koffortinu, fór með þá þadan og fal þá á tveimur stöðum, og að hann, eftir hans eigin framburði, mundi eftir þessu morguninn eftir, verður eigi álitíð, að hann hafi verið rænulaus eða vantað alla sjálfsmeðvitund, er hann framdi verkið. En rétt virðist að taka tillit til 40. gr. hegningarlaganna, er refsingin er ákveðin.

Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, og hefir eigi áður sætt refsingu fyrir neinn glæp. Brot hans er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 230. gr. hegningarlaganna, og refsingin hæfilega ákveðin með hliðsjón af 40. gr. sömu laga 5. daga fangelsi við vatn og brauð, en með tilliti til æsku sakamannsins, sem er fæddur 22. apríl 1890 og þess, að hann hefir eigi áður verið bendlaður við óráðvendni eða neina óknytti, að hrösun hans þessi virðist hafa stafað af ofdrykkju, að játning hans á brotinu var einlæg og hreinskilin, svo og annara atvika í málinu, virðist rétt að kveða svo á, að fullnustu dóms þessa skuli fresta og að refsingin skuli

niður falla, svo framarlega ákærði hin næstu 5 ár eftir uppsögn dómsins eigi sætir ákæru í opinberu máli fyrir glæp, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 39, 16. nóvbr. 1917, 1. gr. — Allan af sökþessari, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, löglega leiðandi kostnað verður hinn ákærði að greiða, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 10 kr. og málaflutningskaup til sækjanda og verjanda, sem skipaðir hafa verið fyrir yfirdóminum, 15 kr. til hvors þeirra.

Það hefir staðið mjög lengi á rannsókn máls þessa í héraði, og mjög langur tími leið frá því aukaréttardómurinn var kveðinn upp og þangað til hann var birtur ákærða. En héraðsdómarinn hefir gert ítarlega grein fyrir þeim atvikum, sem valdið hafa drættinum, og þó að sú greinargerð verði eigi talin að öllu leyti fullnægjandi réttlætning á honum, þykir eigi vera ástæða til að láta dómurinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferðina að þessu leyti. Þá verður að athuga, að héraðsdómarinn hefir eigi gefið út stefnu til ákærða fyrir aukaréttinum, en þar sem ákærða var tilkynt það við síðasta lögregluréttarhaldið, að sakamál yrði höfðað gegn honum, og honum þá gefinn kostur á að fá sér skipaðan talsmann og hann síðan mætti við fyrstu fyrirtekt málsins fyrir aukaréttinum ásamt talsmanni sínum, þykir mega við svo búið standa.

Það vottast, að sókn og vörn í málinu fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kjartan Sveinsson, sæti fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, en fullnustu dóms þessa skal fresta og fellur refsingin niður að 5 árum liðnum frá þessum degi sé fullnægt skilyrði laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 1. gr. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til prófests Bjarna Pálssonar, 10 kr., og málfutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdóminum, yfirdómsmálfutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claesen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. ágúst 1917.

Nr. 68/1916.

Erasmus Gíslason  
 gegn  
 ráðherra Íslands  
 f. h. landssjóðs.

Dómur:

Laugardagskvöldið 18. des. 1915 var Erasmus Gíslason í Reykjavík tekinn fastur af lögreglunni þar, og daginn eftir, 19. des., leiddur fyrir dómara